



# Bókasafn Reykjanesbæjar

## ársskýrsla fyrir árið 2019



## Efnisyfirlit:

### Hagnýtar upplýsingar

Lykiltölur 2020  
Hlutverk  
Leiðarljós  
Markmið  
Leiðir að markmiðum  
Aðsetur  
Opnunartími  
Húsnæði  
Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél  
Rafrænn aðgangur  
Rekstrartölur  
Starfsfólk  
Helstu verkefni ársins  
Súlan - verkefnastofa

### Aðfangadeild

Hlutverk  
Safnkostur

### Barna- og ungmennastarf

Sögustundir/heimsóknir  
Samstarfsverkefni  
Sumarlestur  
Koffort  
Gaman að lesa saman  
Bókaverðlaun barnanna  
Fjölskyldudagar  
Barnahátíð  
Sögupokar  
Norræna bókasafnavikan

### Fjölmennning

Heimskonur  
Heilakúnstir  
Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum  
Fjölmenningarráð Reykjanesbæjar  
Þjónusta við hælisleitendur  
Millisafnalán  
Samstarf við Norræna húsið

### Heimsendingar

Tölur yfir útlán

### Kynningar-og markaðsmál ásamt menningarviðburðum

Reglulegir/fastir viðburðir  
Aðrir viðburðir á árinu  
Sýningar í átthagastofu  
Kynningarmál

### Tölvu- og tæknimál

Tölvueign  
Forrit og kerfi

### Upplýsingadeild

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir  
Millisafnalán  
Notendaþjónusta  
Upplýsingavakt

### Útlánadeild

Verksvið  
Útlán

### Viðgerðir og bókbönd

Forsíðumyndin er samsett. Yfirlitsmynd frá starfinu, viðburðum og upplestri.

## HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

**LYKILTÖLUR 2020:** (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 96.713 (98.994)

Útlán á íbúa: 5,1 (5,6)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2019 voru 76.171 (79.492)

Heimsendingar, útlán á Nesvelli og Hólvang voru 1.016 (1.210)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.380 (18.684)

Útlán til skipshafna 301 (425)

Rafbókasafn 730 (498)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 432 (320)

Millisafnalán voru 3.120 (2.885)

Fjöldi lánpaga með gild kort 31. desember 2019 2.581 (2.700)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir: 128 (126)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 41 (40)

Sumarlestur: 240 (282)

Þjónustutími: 51 klst á viku

Þjónustudagar: 300 (297)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2019: 62.445 (64.226)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2019: 9 (9). Stöðugildi 7,1 (6,95)

### Hlutverk og markmið skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögnum að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Markmið bókasafna er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós:

#### Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun.

#### Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, vísýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lífandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.
- Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framvarðasveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öfluga þjónustu.

#### Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tímarita og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna og [leitir.is](http://leitir.is), hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.
- Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrennabyggðir í Átthagadeild.
- Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraraðstöðu.
- Hafa góða samvinnu við önnur söfn og viðeigandi fagfélög.

**Aðsetur:** Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ. Póstfang 230. Sími 421 6770. Netfang: bokasafn@reykjanesbaer.is, veffang: [sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn](http://sofn.reykjanesbaer.is/bokasafn).

**Opnunartími:** Safnið er opið mánud. – föstud. kl. 9–18 og laugardaga 11–17 allt árið.

**Húsnæði:** Safnið er í 911 m<sup>2</sup> húsnæði sem skiptist í tvær hæðir. Efri hæð er 500 m<sup>2</sup> og neðri hæð 411 m<sup>2</sup>.

**Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél:** Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Ein sjálfsafgreiðsluvél er á safninu.

**Rafrænn aðgangur:** Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is. Bókasafnið er aðili að Rafbókasafni rafbokasafn.is.

**Rekstrartölur:** Fjárhagsáætlun 2019 hljóðar upp 87.000.000 kr. Tekjur voru áætlaðar 4.600.000 kr., launakostnaður 61.865.000 og annar rekstrarkostnaður 29.735.000.

**Starfsfólk:** Í árslok 2019 voru 9 (9) starfsmenn á safninu í 7,1 (6,95) stöðugildum. Þeir eru: Anna María Cornette, Guðný Kristín Bjarnadóttir, Guðríður Anna Waage, Jóna Þórudóttir, Oddný Leifsdóttir, Rannveig Garðarsdóttir, Stefanía Gunnarsdóttir, Sigurrós Inga Sigurbergisdóttir og Þórey Ösp Gunnarsdóttir. Auk þess voru Saga Eysteinsdóttir, Hreggviður Hermannsson, Dilja Rún Einardóttir og Sigurbergur Bjarnason í afleysingum. Rannveig L. Garðarsdóttir kom til baka úr ársleyfi í nóvember en Sjöfn Eysteinsdóttir leysti hana af. Vilhelm Kristjánsson frá Virk kom í vinnuprófun. Ólafur úr FS kom í starfsnám á haustmánuðum.

**Helstu verkefni ársins:** Almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum fengu styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til áframhaldandi kynningar á bókmenntaarfinum. Hástökkvarinn er Rafbókasafnið með 46% aukningu útlána. Byrjað var á nýrri framtíðarsýn fyrir Bókasafn Reykjanesbæjar. Mikil vinna fór í framtíðarsýnina sem við erum stolt af. Í mars fór forstöðumaður í heimsóknir í 6 bókasöfn í Kaupmannahöfn, skoðuð voru bæði almennings og samsteypusöfn. Byrjað var að taka neðri hæð safnsins í gegn, búin til betri aðstaðu fyrir gesti eins og hægt er í svona gluggalausum rými. Bóðið var upp á lengri opnunartíma fyrir námsmenn í próflestri sem fólk var mjög þakklátt fyrir. Samþykkt var að í Stapaskóla yrði útbú, samsteypusafn, almennings- og skólabókasafn. Stefnt er að opnun skólasafnsins haustið 2020 en almenningshlutinn haustið 2021 á sama tíma og sundlaugin opnar. Þórey Ösp Gunnarsdóttir bókasafnsfræðingur var í vinnuhópi um nýtt bókasafnskerfi með Landskerfum. Með styrknum úr Þróunarsjóði innflytendamála var hægt að hafa vinnustofu og sýningu með Heimskonum. Verkefnið hlaut nafnið „Heima þar sem hjartað slær“. Það var Gillian Pokalo og Anna María starfsmaður safnsins sem sáu um þetta verkefni. 12 konur víðsvegar úr heiminum tóku þátt og sýningin opnuð á Ljósanótt. Í febrúar var svo farið með sama verkefni til Bandaríkanna með sama sniði. Bókasafnið hlaut hvatningarverðlaun Upplýsingar 2019 fyrir verkefnið „Saumað fyrir umhverfið“. Svona verkefni sýnir hvað íbúar geta gert saman þegar allir leggjast á eitt. Plássleysi er verulega farið að há starfsemi safnsins. Að öðru leyti var starfsemi safnsins hefðbundin.

## Súlan - verkefnastofa

Þórdís Ósk Helgadóttir er forstöðumaður Súlunnar. Menningar- og atvinnuráð skipa þau Friðjón Einarsson (formaður), Arnar Páll Guðmundsson, Eydis Hentze Pétursdóttir, Sigrún Inga Ævarsdóttir og Trausti Arngrímsson.

## AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókasafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóðareglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfelli birtist á [www.leitir.is](http://www.leitir.is) og á heimasíðu [bókasafnsins](http://bokasafnsins). Byrjað var að taka lágmarksgjald fyrir allar nýskráningar fyrir önnur söfn sem óska eftir þjónustu safnsins.

Samkvæmt tölugögnum Landskerfis bókasafna taldist fjölbreyttur safnkostur Bókasafns Reykjaneshæjar í lok ársins 2019 62.445 (64.226) eintök bóka og annarra safngagna sem skiptast m.a. í 54.821 bækur, þar af 38.156 titlar, 4.883 eintök tímarita, 1.226 hljóðbækur, 357 hljómdiskar, 786 mynddiskar og 75 spil. Á árinu var grísað töluvert vegna plássleysis. Eins var tiltekt í kerfinu og safnkostur sem skráður var skráður týndur var eytt út úr kerfinu ásamt gömlum eintökum úr safnfærslum. Til er gríjunarstefna sem farið er eftir við gríjun safnkosts, ennfremur er sú stefna í stöðugri þróun. Á árinu var keypt töluvert í viðbót af pólskum bókum fyrir börn, unglinga og fullorðna, þá aðallega skáldsögur og hafa þær verið mjög vinsælar. Við byrjuðum einnig að lána út spil og keyptum inn töluvert af þeim og hafa þau verið mjög vinsæl. Eins fórum við að lána út kökuform sem hefur mælst vel fyrir. Notkun lánþega á Rafbókasafninu hefur verið að aukast jafnt og þétt og best hefur í það efni sem er að finna þar á íslensku. Útlán í Rafbókasafninu hjá lánþegum okkar voru 730.



## BARNA- OG UNGLINGASTARF

**Sögustundir/heimsóknir:** Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). 128 leikskólaheimsóknir voru skráðar á árinu frá 9 leikskólum. 41 grunnskólaheimsóknir og rúmlega 1100 börn komu í heimsókn á safnið á árinu í kynningu á safninu og í Vallaleikinn. Þar að auki voru hópar frá grunnskólunum að heimsækja safnið án þess að fá formlega móttöku. Einnig hafa dagmæður komið með yngstu börnin. KFUM og K komu í heimsókn með 31 börn. Það komu 300 börn í Vallaraleik á safnið. Um 350 börn komu á bókasafnið á öskudeginum, sungu fyrir starfsmenn og fengu teikniblokkir, tréliti eða reglustiku að launum.

**Samstarfsverkefni:** Barnabókavörður er í samstarfi við aðra barnabókaverði á landinu og fylgist með því sem fer fram á öðrum bókasöfnum. Barnabókavörður tekur einnig þátt í umræðum sem varða barna- og unglingabækur á póstlistum um málefni bókasafna. Umsjón með vali á barnabók ársins er í höndum Borgarbókasafns en almennings- og skólabókasöfn um land allt fá rétt til þátttöku.

**Sumarlestur:** Boðið er upp á sumarlestur 1. júní – 31. ágúst á hverju ári fyrir börn á milli 6 – 16 ára og elsta árgangi leikskólanna. Sumarlestrarleikir gengu vonum framár. Yfir 380 leikjabloð og 240 skráningar bárust. Farið með kassi í alla skóla til að börn gætu skilað inn þátttökumiðum ef þau eiga erfitt með að komast á safnið. Tvisvar í mánuði var dregið úr sumarlestursleikjunum og vinningshafar fengu bókaverðlaun. Dregið var úr innsendum leikjabloðum og skráningum vikulega og þeir heppnu hlutu bókagjöf og sápukúlur. Haldið var áfram með óvissupakka bókasafnsins þar sem börnin gátu komið og fengið lánaðan pakka með þremur bókum (Léttfeti, Miðlungur og Fullsterkur). Á uppskeruhátíð sumarlesturs kom Gunnar Helgason og las úr nýrri bók og síðan voru skreyttir fjölnota taupokar.

**Koffort í leikskólum Reykjaneshæjar:** Bókasafnið er með 1 koffort í tíu leikskólum bæjarins. Samtals á safnið 1255 bækur í þessum koffortum sem eru í mikilli notkun. Koffortin eru orðin löskuð eftir áralanga notkun og því voru fleiri koffort endurnýjuð á árinu auk þess sem koffortsþækingurinn var uppfærður. Markmiðið með kofforti í leikskólanum er að börn hafi aðgengi að bókum, geti fengið að lána bók með sér heim og valið úr úrvali góðra bóka.

**Gaman að lesa saman:** Bækurnar og hljóðbækurnar úr fjölmenningsverkefninu Gaman að lesa saman (samstarfsverkefni á milli Bókasafns Reykjaneshæjar, leikskólanna í Reykjaneshæ og Hljóðbókasafns Íslands) eru á leikskólum Reykjaneshæjar og nýtast til sérkennslu fyrir börn af erlendum

uppruna. Leikskólinn Gefnarborg í Garði og Laut í Grindavík eru einnig með. Hljóðbækurnar eru ætlaðar tvítyngdum börnum þar sem leikskólinn er með fjölmennningarverkefnið Brú milli tungumála í gangi.

**Bókaverðlaun barnanna:** Bókaverðlaun barnanna voru rafræn þannig að safnið sendi enga þátttökuseðla en gestir voru minntir á kosninguna með auglýsingum innan safnins.

**Fjölskyldudagar:** Laugardagar eru fjölskyldudagar á bókasafninu. Þá er settur fram dótakistill auk þess sem boðið er upp á fjölda viðburða fyrir fjölskyldur yfir árið.

**Barnahátíð í Reykjanesbæ:** Í tilefni barnahátíðar var boðið upp á föndur fyrir alla fjölskylduna. Þar gátu gestir saumað sinn eigin margnota nammipoka og bókamerki úr gömlum bókum.

**Sögupokar:** Markmiðið með sögupokunum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafli og sköpunargleði barna.

**Gömlu tölvuleikir:** Hægt er að fá gömlu tölvuleikna til að nota á staðnum. Markmiðið með þeim er að börn og foreldrar geti spilað saman gömlu leikna sem foreldrarnir spiluðu þegar þeir voru yngri.

**Norræna bókasafnavikan:** Í Norrænu bókasafnavikunni var stillt upp bókum eftir norræna höfunda og bækur eftir norræna höfunda lesnar í sögustund. Auk þess var sett upp sýning í Áttthagastofu þar sem haldið var upp á afmæli Línu Langsokk í tilefni af þema ársins Norrænar veislur. Bókasafnið hlaut verðlaun frá Nordisk literatur fyrir instagram myndskreið frá skemmtilegri sýningu og safnið fékk bókina Snjósystirin í verðlaun. Munir í sýninguna voru fengnir að láni víðsvegar að.

## FJÖLMENNING

**Heimskonur:** Hópurinn Heimskonur hefur nú verið starfræktur í tæplega sjö ár og gengur mjög vel. Hist hefur verið mánaðarlega og verið mjög vel mætt í öll skiptin (8 – 20 konur á hverjum fundi). Einnig hafa einhverjar úr hópnum verið að hittast fyrir utan mánaðarlegu fundina. Fésbókar síða hópsins hefur verið mjög virk og góð samskipti farið fram á henni. Gerður var bæklingur með dagskrá á íslensku og ensku. Á árinu var farið í smákökubakstur og skipti, vaxdúkagerð, sjálfsvarnarkynningu, listasmíðjur, jóga með Önnu Margréti, opnun listasýningar á Ljósanótt og hópurinn fór saman niður í bæ, sjálfstyrkingarnámskeið á vegum Women, sjálfstyrkingarnámskeið fyrir pólskumælandi, heilsukynning á vegum Women, „potluck“ hittingur þar sem er hist og borðað saman og útmislegt fleira.

**Heilakúnstir:** Rauði krossinn og Bókasafn Reykjanesbæjar bjóða upp á heimanámsaðstoð fyrir grunnskólabörn í Reykjanesbæ. Sjálfboðaliðar sjá um aðstoðina. Aðstoðin er í boði tvisvar í viku.

**Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum:** Hópar úr landnemaskólanum og Menntastöðun koma í heimsókn á safnið.

**Hælisleitendur:** Bókasafnið kemur að þjónustu við hælisleitendur í Reykjanesbæ og fær hver hælisleitandi bókasafnskort án endurgjalds. Þetta er í samstarfi við velferðarsvið.

**Millisafnalán:** Bókasafnið sinnir þjónustu við skóla og stofnanir um allt land með því að lána bækur á pólsku og ensku til lengri eða skemmri tíma.

**Samstarf við Norræna húsið:** Bókasafn Reykjanesbæjar er í samstarfi við Norræna húsið um lán á bókum á norrænum tungumálum hjá Norræna húsinu með gjöldu bókasafnskorti á Bókasafni Reykjanesbæjar. Lánþegar þurfa þó að hafa sjálfir fyrir því að ná sér í bækur og skila þeim aftur.

## HEIMSENDINGÞJÓNUSTA

Rannveig Lilja Garðarsdóttir og Oddný Leifsdóttir hafa umsjón með heimsendingaþjónustu bókasafnsins. Sjöfn Eysteinsdóttir hefur komið að umsjón í leyfi Rannveigar. Farið hefur verið í heimsendingar, á Nesvelli og Hlévang aðra hverja viku. Um 10 lánþegar hafa þegið þjónustu í heimahús

með reglulegu millibili. Þar að auki hafa starfsmenn safnsins verið milligönguliðir á milli lánþega og Hljóðbókasafn Íslands þegar þannig hefur staðið á. Um 15 lánþegar nýta þjónustu bókasafnsins á Nesvöllum og á Hlévangi eru um 4 manns sem nýta sér þjónustuna.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):

Heimsendingar: 358 (788)


Nesvellir: 533 (318)

Hlévangur: 125 (18)



## KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐURM

Í markaðsstarfi starfsins er unnið með póstlista, facebook, instagram, pinterest og heimsíðu safnsins. Sótt var um styrk til Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja um Kynningu á bókmenntaarfinum og fékkst styrkur. Fræðslu- og viðburðadagskrám hefur fjölgað og gestakomur hafa aukist í safninu. Heildarfjöldi viðburða á árinu voru 192 og skráðir gestir voru 14.172.



### Reglulegir/fastir viðburðir:

**Bókakonfekt:** Stærsti bókmenntaviðburður ársins þar sem rithöfundar koma í lok nóvember og lesa úr verkum sínum sem hafa nýlega komið út. Í ár komu Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Eiríkur Páll Jörundsson, Fritz Már Jörgensson og Skúli Thoroddsen. Í upphafi viðburðar spiluðu nemendur í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar á píanó, klarintett og blokkflautu.

**Bókakonfekt barnanna:** Árlegur bókmenntaviðburður fyrir börn var haldinn í þriðja sinn. Höfundar koma og lesa úr verkum sínum. Í ár komu Bergrún Íris Sævarsdóttir og Kristín Ragna Gunnarsdóttir. Í upphafi viðburðar spiluðu nemendur í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar á blokkflautu.

**Erlingskvöld:** Bókmenntaviðburður til heiðurs Erlingi Jónssyni listamanni. Í ár komu Þórainn Eldjárn, Sigursteinn Másson og Sólveig Jónsdóttir. Söngkonan Fríða Dís tók nokkur lög.

**Litum saman:** Fjölskyldum er boðið upp á að lita saman einu sinni í mánuði á laugardegi.

**Spilum saman:** Fjölskyldum er boðið upp á að spila saman einu sinni í mánuði á laugardegi.

**Leshringur:** Bókasafnið starfrækir Bókaklúbb sem hittist einu sinni í mánuði og ræðir fyrirfram ákveðna bók sem allur hópurinn les.

**Uppskeruhátíð sumarlesturs:** Hátíð fyrir börn sem tóku þátt í Sumarlestri sem er átaksverkefni í bókasafninu með því markmiði að hvetja börn til að lesa í sumarfríinu. Að þessu sinni var upplestur úr barnabók þar sem Gunnar Helgason mætti og las upp út útkominni bók sinni og börn fengu að skreyta sína eigin taupoka.

**Prjónahlýja:** Hópur kvenna sem hittist reglulega í bókasafninu og vinnur handavinnu. Útkoman eru vettlingar og sokkar sem leikskólarnir fá gefins.

**Bréfamaráðun Amnesty International:** Bókasafnið tekur alltaf þátt í átakinu í tvær vikur í desember þar sem fólk getur komið og skrifað undir áskoranir á vegum Amnesty.

**Heimskonur:** Heimskonur er fjölpjódlegur hópur kvenna sem hittist að minnsta kosti einu sinni í mánuði í bókasafninu og spjallar um lífið og tilveruna á Íslandi. Við skipuleggjum alls konar fleiri viðburði fyrir Heimskonur sem eru haldnir í bókasafninu og annars staðar eins og til dæmis listasmíðjur, jógaátíma, fatamarkað ofl.

**Heilakúnstir:** Heilakúnstir er heimanámsaðstoð sem Rauði Krossinn á Suðurnesjum veitir alla þriðju- og fimmtudaga í bókasafninu.

**Foreldramorgnar:** Samverustund foreldra með ung börn í safninu. Í annað hvert skipti yfir vetrarmánuðina fá foreldrar fræðslu sem snýr að þörfum og uppeldi ungbarna. Hin skiptin er notalegt spjall. Foreldramorgnar eru búnir að skapa sér sess meðal foreldra ungra barna og eru flestir viðburðirnir virkilega vel sóttir.

**Notalegar sögustundir:** Síðasta laugardag í mánuði er Notaleg sögustund með Höllu Karen sem er einn vinsælasti reglulegi viðburðurinn í bókasafninu. Þá les og syngur Halla Karen, leikkona og grunnskólakennari fyrir stóran hóp barna á aldrinum eins til átta ára, og foreldra þeirra, ömmu og afa.

**Bókabíó:** Næst síðasta föstudag í mánuði er sýnd kvikmynd sem gerð hefur verið eftir samnefndri bók. Myndirnar sem eru sýndar eru hugsaðar fyrir alla fjölskylduna.

**Fornsögunámskeið:** Tvisvar á ári er fornsögunámskeið haldið í bókasafninu þar sem Þorvaldur Sigurðsson bókmennta- og íslenskufraeðingur fjallar um fornsögurnar. Á vorönn var farið yfir Gunnlaugs sögu og Kjalnesinga sögu en á haustönn var farið yfir Laxdæla sögu.

**Saumað fyrir umhverfið:** Annan hvern mánudag er Saumað fyrir umhverfið á neðri hæð safnsins. Þá gefst gestum tækifæri til að sauma margnota taupoka sem settir eru í pokastöðvar í Reykjanesbæ.

**Aðrir viðburðir á árinu:**

**Dagskrá í vetrarfrí grunnskóla bæjarins:** Að þessu sinni var Hrekkjavökuföndur í Bókasafninu þrjá daga í vetrarfrí grunnskólanna. Um 200 börn og fullorðnir mættu og föndruðu hrekkjavökugrímu og keilukrakka.

**Lesandi vikunnar:** Á sumrin er valinn einn virkur lesandi í bókasafninu sem tekið er viðtal við um uppáhalds bækur og fleira. Viðtalið birtist á Instagram og Facebook síðu bókasafnsins.



**Bangsasögustund með Sibbu:** Í tilefni að alþjóðlega bangsadeginum var haldin bangsasögustund og var böngsum boðið að gista í bókasafninu eftir sögustundina. Bangsarnir áttu það svo til að gera ýmsa skemmtilega hluti yfir nóttina og birtar voru myndir af nóttinni á samfélagsmiðlum. Viðburðurinn vakti mikla athygli og hugur er á að endurtaka leikinn aftur á alþjóðlega bangsadeginum 2020.

**Krakkajóga:** Tvisvar á ári fáum við til okkar Sigurbjörgu E. Gunnarsdóttir jóga leiðbeinanda og leikskólakannara sem kennir jóga fyrir börn á laugardegi.

**Silkiprykk námskeið með Gillian Pokalo:** Gillian er bandarískur myndlistarmaður sem hefur undanfarin sumur boðið upp á frítt silkiprykk námskeið í bókasafninu þar sem innblásturinn er íslensk náttúra. Í ár tók hún Heimskonur upp á sína arma og hjálpaði til við að setja á laggirnar sýninguna Heima er þar sem hjartað slær sem opnaði í Áttthagastofu bókasafns Reykjanesbæjar á Ljósanótt.

**Páskaföndur:** Páskaföndur var í boði þrjá daga í kringum páskafri þar sem fjölskyldan gat mætt hvenær sem er yfir daginn og föndrað.

**Kakóhugleiðsla og heilandi tónar:** Kamilla Ingibersdóttir bauð upp á kakóhugleiðslu og heilandi tóna kristalskála eitt hádegið.

**Hreyfivika:** Í maí var hreyfivika í Reykjanesbæ og þá var húllað í miðju safnsins.

**Konsertkaffi:** Norræna félagið í Reykjanesbæ býður upp á konsertkaffi árlega þar sem tónlistarfólk kemur fram og spilar norræn lög í tilefni Dags Norðurlanda. Í ár las Gyrðir Elíasson smásögu og Svavar Knútur söng nokkur lög.

**Bókasafnsdagurinn og Alþjóðlegur dagur læsis:** Á þessum dögum vekur bókasafnið athygli á dögum með fjölbreyttum hætti, bæði í safninu og á samfélagsmiðlum. Á bókasafnsdeginum var boðið upp á konfekt, felldum niður sektir og starfsmenn gæddu sér á kökum á þessum hátíðisdegi. Safnið fékk hvatningarverðlaun Upplýsingar sem veitt voru í fyrsta skipti fyrir verkefnið „saumað fyrir umhverfið“.

**Jólaöndur:** Boðið var upp á jólaöndur einn laugardag í lok nóvember. Þar gafst gestum tækifæri til þess að föndra jólakött, jólakúlur og annað sem unnið var úr endurunnu efni.

**Kynning fyrir MSS:** Nemendur í Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum koma 1-2 sinnum á ári í kynningu á starfsemi bókasafnsins.

**Fullorðinsföndur:** Tvisvar sinnum í haust voru haldin fullorðinsföndur, fyrst var þrykkt á taupoka og hinsvegar var það baðbumbu og sápuget.

**Prjónahlýja – leikskólaföt:** Höfundar prjónabókarinnar Prjón og hekl, Brynja Þóra Valtýrsdóttir, kom og ræddi um hönnun og gaf góð ráð.

**Plastlaus september:** Bókasafnið tók þátt í átakinu sem miðar að því að takmarka notkun plasts. Ekki er lengur hægt að fá plastpoka undir bækur. Saumaðir voru taupokar í átaki sem stóð í rúma viku til þess að safna pokum í pokastöðvar og dreifa í búðir fyrir Ljósanótt til þess að taka þátt í plastlausri Ljósanótt. Fyrir átakið vann Bókasafn Reykjanesbæjar Hvatningarverðlaun Upplýsingar.

**Útgáfuhóf Gunnhildar Þórðardóttur:** Gunnhildur las upp úr útkominni ljóðabók sinni Upphaf – Árstíðarljóð.

**Opin Kóræfing hjá kór Keflavíkurkirkju:** Meðlimir kórs Keflavíkurkirkju mættu eitt eftirmiðdegi og voru með opna æfingu í safninu, gestum og gangandi til mikillar ánægju.

**Innpökkunarstöð:** Í desember mánuði var sett upp innpökkunarstöð sem var miðuð að endurvinnslu og endurnýtingu á pappír til innpökkunar á jólagjöfum.

**Karlmenn og krabbamein:** Matti Ósvald var með erindi, viðburðurinn var í samstarfi við Krabbameinsfélag Suðurnesja.

**Skáldaskápur:** var opnaður á degi íslenskrar tungu í Bókasafni Reykjanesbæjar. Skáldaskápurinn er samfélagslegt verkefni þar sem öllum íbúum óháð kyni, aldri, þjóðerni og tungumáli er boðið að taka þátt með skapandi skrifum.

**Umhverfisvæn jó!** Haldinn var jólaskeppimarkaður og var sett upp innþökkunarstöð sem var miðuð að endurvinnslu og endurnýtingu á pappír til innþökkunar á jólagjöfum.

**Á ferðalagi með þarmaflórunni:** Anna Katrín Ottesen sjúkráþjálfari og nemi í heilsufræðum fræddi gesti um áhrif þarmaflórunnar á heilsu og nýjar leiðir til úrbóta.

**Spilavinir:** Starfsmenn spilavina komu í safnið með spennandi spil þar sem gestir, háir sem lágir, spiluðu saman.

**Betri heilsa og innihaldsríkara líf – upplestrarkvöld:** Sölvi Tryggvason mætti og las upp úr nýrri bók sinni Á eigin skinni, sem fjallar um leið Sölva til heilsu á ný.

**Ritsmiðja með Arndísi Þórarinsdóttur:** Ritsmiðja með Arndísi var haldin vikuna 11.-14. júní við fínar móttökur. Ritsmiðjan var fyrir börn og öllum að kostnaðarlausu.

**Notalega Vísastund:** Halla Karen, leikkona og grunnskólakennari bauð upp á vísastund þar sem hún las gamlar og góðar vísur og söng með börnunum.

**Kynning á Hagnýtu pottaplöntubókinni:** Garðyrkjufræðingarnir Hafsteinn Hafliðason og Kristinn Þorsteinsson gáfu góð ráð um ræktun pottaplantna í boði Suðurnesjadeildar Garðyrkjufélags Íslands.

**Keramík kynning með Drífu:** Leirkerahönnuðurinn og kennarinn Arnbjörg Drífa Káradóttir renndi leir í miðju Bókasafnsins og gaf gestum tækifæri á að spyrja spurninga og prufa að renna leir.

**Nammipokar og bókamerki:** Í tilefni Listahátíðar barna í Reykjanesbæ var boðið upp á föndur fyrir alla fjölskylduna. Þar gátu gestir saumað sinn eigin margnota nammipoka og bókamerki úr gömlum bókum.

**Sumarlestursföndur:** Yfir sumartímann, meðan börn eru í fríi frá skólum, býður Bókasafn Reykjanesbæjar börnum að taka þátt í föndri. Föndrið er í boði allan daginn þegar safnið er opið. Mismunandi föndur mátti finna í safninu á hverjum degi.

**Geopark vikan:** Í Geopark vikunni stillir bókasafnið upp bókum sem tengjast svæðinu og gefum bæklinga.

**Þegar kona brotnar - fyrirlestur:** Sírjú Arnardóttir höfundur bókarinnar Þegar kona brotnar mætti og fræddi gesti um það hvað gerist ef áreynslan verður konum um megn.

**Norræn bókmenntavika:** Þema ársins var „Norræn hátíð“ og því buðum við gestum og gangandi til afmælisveislu hjá Línu Langsokk sem sett var upp í Áttthagastofu Bókasafns Reykjanesbæjar. Þess má geta að við unnum til verðlauna fyrir mynd sem birtist úr þeirri sýningu á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #nordisklitt19.

**Ævintýrið um norðurljósin:** Höfundur bókarinnar og tónskáldið Alexzandra Chernyshova las upp úr sögunni og söng nokkur lög úr óperunni.

**Pólsk sögustund:** Í tilefni af pólsku menningarhátíðinni í Reykjanesbæ var haldin sögustund fyrir börn á pólsku.

**Lengri opnunartími í prófalestri:** Boðið var upp á lengri opnunartíma bæði á vor og haustönn. Undirtektir fóru fram úr væntingum og stefnt er á áframhaldandi lengri opnun á þessum tímum.

**Heilsu og forvarnarvika:** Boðið var upp á krakkajóga í heilsu og forvarnarviku með Sigurbjörgu E. Gunnarsdóttur, leikskólakennara og jóga leiðbeinanda.

**Upplstur í leikskólum:** Þórey og Rannveig fóru í leikskóla og lásu fyrir hóp ungra barna jólasögu.

**Öskudagur:** Á öskudegi buðum við velkomna til okkar krakka í búningum sem tilbúnir voru að syngja fyrir okkur fyrir penna, reglustikur og smábækur sem við gáfum þeim í staðinn.

**Safnahelgi á Suðurnesjum:** Margrét Tryggvadóttir las úr Veröld vættanna og svo var Tjarnarsels sýningin í Átthagastofu opin.

**Kynning á bókmenntaarfinum:** Bókasöfnin á Suðurnesjum standa saman að dagskrá undir yfirskriftinni „Kynning á menningararfinum“ þar sem fjallað er um bókmenntir á ýmsan máta. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Söfnin buðu upp á eftirfarandi dagskrá árið 2019: Sölvi Tryggvason og Benný Sif Ísleifsdóttir í Bókasafninu í Vogum. Í mars var haldið Erlingskvöld þar sem Sigursteinn Másson, Sólveig Jónsdóttir og Þórarinn Eldjárn lásu upp úr verkum sínum. Fríða Dís söng nokkur lög. Í Bókasafn Grindavíkur kom Sigríður Arnardóttir með erindi úr bók sinni „Þegar kona brotnar“. Í bókasafninu í Sandgerði lásu þau Guðrún Eva Mínervudóttir, Sigurlín Gísladóttir og Dagur Hjartarson upp úr bókum sínum. Í nóvember var bókakonfekt barnanna í Bókasafni Reykjanesbæjar þar sem Bergrún Íris Sævarsdóttir og Kristín Ragna Gunnarsdóttir lásu upp úr bókum sínum. Börn úr Tónlistarskóla Reykjanesbæjar tóku nokkur lög á blokkflautu. Á Bókakonfekt mættu Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Skúli Thoroddsen, Fritz Már Jörgensson og Eiríkur Páll Jörundsson og lásu úr bókum sínum. Anna Margrét Ólafsdóttir var kynnrir kvöldsins. Börn frá tónlistarskóla Reykjanesbæjar spiluðu lag á píanó, klarinett og blokkflautu fyrir gesti.

## Sýningar í Átthagastofu:

**Afmælissýning Tjarnarsels:** Í tilefni 50 ára afmæli elsta leikskóla Reykjanesbæjar var opnuð sýning um sögu Tjarnarsels og leikskóla á Íslandi. Sýningin opnaði 2018 stóð til marsloka 2019.

**Karlar og krabbamein:** Sýning af frumkvæði krabbameinsfélagsins, myndir af karlmönnum og texti um reynslu þeirra á að hafa greinst með krabbamein. Sýningin var sett upp í miðju bókasafnsins.

**Kona á skjön ævi og störf Guðrúnar frá Lundi:** Sýningin Kona á skjön ævi og störf Guðrúnar frá Lundi var opnuð í apríl og stóð fram á sumar. Haldið var kaffiboð í anda Guðrúnar þar sem langömmubarn hennar, Marín Guðrún Hrafnisdóttir kynnti sýninguna og hélt spurningakeppni með spurningum úr bókum Guðrúnar. Gestir mættu með sparibollana sína og boðið var upp á kaffi og kleinur.

**Heima er þar sem hjartað slær:** Sýning kvenna af erlendum uppruna „Heima er þar sem hjartað“ slær var opnuð fimmtudegi fyrir Ljósanótt við góðar viðtökur og stóð til októberloka. Verkin voru öll klukkuverk.

**Hrekkjavökusýning:** Var opnuð 28. október og sýningin stóð til 8. nóvember. Þessi sýning er sérstaklega miðuð að fjölskyldufólki og skólahópum. Þetta var í annar skipti sem bókasafnið var með slíka sýningu.

**Lína á afmæli í Átthagastofu:** í nóvember var haldið upp á afmæli Línu Langsokks í tilefni af þema ársins nordisk fest og þess að barnabókin sem var valin er Pippi firar föðelsedag. Bókasafnið fékk

verðlaun frá Nordisk literatur fyrir Instagram myndskaið frá skemmtilegri sýningu og safnið fékk bókina Snjósystirin í verðlaun.

**Jólasýning:** Var sett upp í lok nóvember og stóð fram á þrettándann. Sett var upp Jólstofa með vísun í gamla tíma og gamlir munir og skraut fengir frá Byggðarsafni Reykjanesbæjar og frá Ísafirði. Einnig var sett upp jólaborð í sýningarskáp.

**Jólasýning Benedikts:** Benedikt Máni 14 ára var með sýningu á tréskurðarverkum sínum í glerskáp. Benedikt setti upp sýningu af útskrönum jólakörlum og fleiru í sýningarskáp í desember.

## Kynningarmál

**Rými Bókasafnsins:** Allar auglýsingar eru hengdar upp í rými bókasafnsins. Þannig sjá notendur bókasafnsins hvað er að gerast í safninu hverju sinni.

## Miðlar

**Heimasíða Bókasafns Reykjanesbæjar:** Á heimasíðunni eru skrifaðar fréttir um starfsemi bókasafnsins, allir viðburðir auglýstir og síður með margvíslegum upplýsingum, til dæmis um sýningar í safninu, útlánareglur, safnkostinn og margt fleira.

**Instagram:** Instagram er vinsælasti samfélagsmiðill unga fólksins og þar eru settar inn myndir úr daglegu starfi bókasafnsins auk þess sem viðburðir eru auglýstir á myndrænan hátt.

**Facebook:** Bókasafnið nýtir sér Facebook á fjölbreyttan hátt. Allir viðburðir á vegum safnsins eru auglýstir þar, alls konar upplýsingum um þjónustu safnsins er komið á framfæri og myndir úr daglegu starfi settar inn. Auk þess heldur Bókasafnið utan um nokkra lokaða Facebook hópa, t.d. fyrir Foreldramorgna, Leshring og Heimskonur. **Póstlistar/fréttabréf:** Eitt vinsælasta póstlistaforritið – MailChimp er notað til þess að senda út auglýsingar um viðburði safnsins.

**Hefðbundnir fjölmiðlar/annað:** Allir viðburðir eru skráðir á Viðburðasíðu Reykjanesbæjar og einnig birtast flestir þeirra í Viðburðatorgi Reykjanesbæjar í Víkurfréttum á hverjum fimmtudegi. Umfjallanir um viðburði á okkar vegum birtast oft í Víkurfréttum og af og til náum við eyrum landsfjölmíðlanna.

## TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

**Tölvueign:** 14 tölvur eru nú í eigu safnsins, ein keyrir netkaffi fyrir gesti. Þar af eru 3 nettölvur fyrir gesti með prentara, 2 leitartölvur fyrir gesti, ein á neðri hæð sem veita aðgang að leitir.is, þar sem hægt er að fletta í bókakosti allra bókasafna á landinu auk rafrænna gagnasafna og ein sjálfsafgreiðsluvél. Boðið er upp á þráðlaust net fyrir gesti og er aðgangur ókeypis fyrir lánþega safnsins. Lánþegum býðst einn klukkutími á dag í netkaffinu án endurgjalds. Loks eru sex tölvur á vinnustöðum starfsmanna. Árið 2019 voru 1.764 (2.210) skráningar í netkaffi bókasafnsins sem gerir um 1470(184) á mánuði. Mest var aðsóknin í netkaffið í júní eða 206 innskráningar. Í fyrsta skipti var byrjað að rukka lágt gjald fyrir tölvuaðgang en áfram er frítt fyrir lánþega.

**Forrit og kerfi:** Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 10. Bókasafnskerfið Gegnir er sett upp á allar tölvur fyrir utan leitartölvur lánþega og netkaffi. Gegnir er samskrá íslenskra bókasafna og veitir aðgang að safnkosti nær allra íslenskra bókasafna svo hægt er að leita innan hans. Í Gegni fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar, millisafnalán og stór hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gegnir. Önnur helstu forrit eru Adobe Creative suite, Dreamweaver, Photostation, Microsoft Publisher, Acrobat Writer og GoPro. Haldið var áfram með að setja inn myndir safnsins í forritið FotoStation sem heldur utan um myndir Reykjanesbæjar.

## UPPLÝSINGAÐEILD

**Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir:** Starfsemi Upplýsingadeildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu til þeirra sem leita eftir upplýsingum og heimildum en er jafnframt fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingadeildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu. Starfsfólk upplýsingardeildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Því býður upplýsingadeild viðskiptavinum upp á notendaþjónustu þar sem farið er yfir helstu þætti upplýsingalæsis. Jafnframt sér deildin um kynningar fyrir hópa sem vilja kynna sér safnið og starfsemi þess. Áfram verður lögð áhersla á að kynna leitir.is til heimildaleita í gagnagrunni bókasafna auk fræðigreina. Á leitir.is er hægt finna efni í rafrænum gagnasöfnum eins og hvar.is og timarit.is. Skráðar beiðnir um heimildaleit voru (85) 179. Töluverð fækkun varð í upplýsingaleit hjá upplýsingaþjónustu sem er á neðri hæð safnsins. Fækkunin virðist aðallega vera hjá grunn- og framhaldsskólanemum. Aðstaðan á neðri hæð safnsins er nýtt vel á hverjum degi og hefur verið aukning á og því miður ekki verið pláss fyrir alla og sumir þurft að frá hverfa á mestu álagstímum. Heimanámsaðstoðin er í „Búrinu“ þar sem sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum aðstoða tvisvar í viku yfir vetrartímann.

**Millisafnalán:** Beiðnir um millisafnalán frá öðrum söfnum 24 (42), millisafnalán til annarra bókasafna, 48 (64) lán til annarra stofnana s.s. skóla 3048 (2782) og lán til skipshafna (skipakassar) 301 (425).

**Notendafræðsla:** Með notendafræðslu gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. Þjónustan er gjaldfrjál. Þrátt fyrir litla eftirspurn er nauðsynlegt að geta boðið upp á þessa kennslu og því er vilji fyrir að halda henni áfram. Á árinu 2019 var haldið áfram með notendafræðslu um Rafbókasafnið og hefur þeim notendum fjölgað jafnt og þétt. Nú eru notendur okkar að Rafbókasafninu orðnir 79 með alls 730 útlán.

**Handbækur:** Handbókasafnið, sem staðsett er á neðri hæð við upplýsingaþjónustuborð er í sífelldri þróun og endurskoðun. Fyrir nokkrum árum var tekin sú stefna að lána út handbækur í skammtímaláni til þess að fá meiri hreyfingu á handbækur. Lánstími er allt frá því að vera frá einu sólahring upp í 14 daga. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir.

**Upplýsingavakt:** Þórey, Guðný og Sigurrós sinntu upplýsingavakt á bókasafninu. Miðað er við að starfsmaður sé á upplýsingavakt frá 9 til 16 virka daga og það hefur tekist betur en oft áður. Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirspurnir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt.

## ÚTLÁNAÐEILD

**Verksvið:** Markmið útlánadeildar er að veita gestum Bókasafnsins sem besta þjónustu í miðlun upplýsinga á öllum sviðum. Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins, innheimta vanskila, pantanaþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavinum, aðstoða viðskiptavinum við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögur um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni.

**Útlán:** Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2020 voru 76.171 (79.492). Heimsendingar og útlán á elliheimili voru alls 1.016 (1.210). Útlán til skipa voru 301. Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 19.380 (18.684). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókasþjalli voru 432 (320). Flest útlán frá afgreiðsluborði voru í júlí 7.926. Safnið var opið í 51 klst á viku yfir veturinn 300 (297) daga á árinu. Útlán í rafbókasafni voru 730 (498).

## VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Ekkert var bundið inn af Faxa né Víkurfréttum á árinu. Innbindingu á Faxa gæti verið sjálfhætt þar sem byrjað er að mynda Faxa á timarit.is. Umsjón með viðgerðum hefur Jóna Þóruðóttir.



## YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ

### Heimsóknir:

Landnemahópur frá MSS  
Stökkpallurinn frá MSS  
Valdís Þorsteinsdóttir nemi  
Menningarráð  
Forsetaheimsókn í tilefni 25 ára afmælis Reykjanesbæjar  
Heimsókn frá bókasafni Hafnarfjarðar

### Súlan:

Mánaðarfundir  
Stöðufundir  
Menningar- og atvinnráðsfundir

### Nám og námskeið:

Skipuleggðu vinnudaginn með aðferðum Lean - SG  
Námskeið í Gunnlaugs og Kjalnesinga sögu – SG  
Námskeið í Laxdæla sögu – SG  
Nám í safnafræði við HÍ – AMC, GKB  
Nám í jákvæðri sálfræði við endurmenntun HÍ – SG

### Ráðstefnur, fundir:

Stefnumótunarfundur í Reykjanesbæ - SG/PÖG/AMC  
Fræðslufundur um árangursríka þátttöku almennings - SG  
Fundur lykilstjórenda v/stefnumótunar – SG  
Hamingja á vinnustöðum er alvörumál! - Morgunfundur SG  
Læsi til framtíðar – SG  
Fræðslufundur skrásetjara - PÖG/GKB  
Fræðsludagur starfsmanna – allir starfsmenn  
Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi – SG  
Starfgreinakynning – PÖG/GKB  
Haustfundur SFA og Málþing upplýsingar – SG  
Kynning á stefnu bæjarins og viðhorfskönnun - allir starfsmenn  
Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi – SG  
Heimsóknir í 6 bókasöfn í Kaupmannahöfn SG  
Vorfundur SFA – SG  
Safnahelgi á Suðurnesjum – SG  
Rýnihópur um pólsku menningarhátíðina – SG/OL  
Vinnuhópur um nýtt bókasafnskerfi – PÖG  
Fundir með hagdeild – SG  
Starfsmenn á skólasöfnum í Reykjanesbæ – SG/AMC  
Húsráð í Ráðhúsi – SG fulltrúi  
Aðalfundur Landskerfis í maí - SG fulltrúi  
Stjórnendadagur – SG/PÖG  
Fundir í stjórn SFA – SG  
Aðalfundur Málræktarfélag Íslands í júní – SG fulltrúi  
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna – SG

Umsjón með bókaspjalli – VBP/Guðmundur Ingvar Jónsson  
Öryggisnefndarfundir - SG  
Hagdeild - SG

### **Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:**

Fulltrúaráð Þjónustumiðstöðvar bókasafna – SG  
Stjórnarfundir í Þjónustumiðstöð bókasafna - SG  
Byggðasafn Reykjanesbæjar - samstarf um ýmis verkefni  
Kynning á bókmenntaarfinum – með almenningsbókasöfnunum í Grindavík, Garði, Sandgerði og Vogum  
Bókasafnsdagurinn – kynning á bókasöfnum og starfsemi þess  
Heilsuvika - KÚMM teymi  
Hljóðbækur fyrir börn innflytjenda - samstarf við Hljóðbókasafn – AMC  
Landskerfi bókasafna – SG  
Málræktarfélag Íslands – SG fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi  
Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gagnis – SG  
Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum - SG  
Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna – SG fulltrúi  
Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða - allir starfsmenn félagar

### **Starfsmannafundir, starfsmannamál:**

HópaVinna – teymi um málefni/verkefni funduðu eftir þörfum  
Starfsmannafundir  
Starfsmannasamtöl – allir starfsmenn

*Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónarmönnum verkefna.*

*Gjört í febrúar 2020*

*Stefanía Gunnarsdóttir*

*Forstöðumaður*

